

Vinnuhópur um leikskólamál og málþing um leikskólamál haldið á Hótel Selfossi 30. mars 2022

Aðdragandi að myndun vinnuhóps, tillögur vinnuhóps og undirbúningur málþings:

Á 31. fundi fræðslunefndar var samþykkt að mynda starfshóp um leikskólamál í Sveitarfélaginu Árborg. Minnisblaðið sem var lagt til grundvallar var eftirfarandi:

“Tillaga að stofnun vinnuhóps um leikskólamál í Svf. Árborg. Mikil þróun og breyting hefur orðið á undanförunum árum í starfi og umgjörð leikskólastigsins. Nauðsynlegt er að þau sem málefni leikskólans varðar eigi samtali um öll þau mál þannig að nauðsynlegur sameiginlegur skilningur verði til á málefnum þessa skólastigs. Lagt er til að settur verði á laggirnar vinnuhópur um þróun leikskólamála í Svf. Árborg. Markmið með starfi vinnuhópsins er að koma á markvissu samtali innan skólasamfélagsins um málefni leikskólans, þróun skólastarfsins og mögulegar tillögur að umbótum á starfseminni ef þurfa þykir. Unnið verður erindisbréf fyrir hópinn þar sem verkefni hans verða skilgreind nánar. Lagt er til að vinnuhópurinn skipi 2 fulltrúar leikskólastjóra, tveir fulltrúar leikskólakennara, 2 fulltrúar foreldra og tveir kjörnir fulltrúar. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og leikskólaráðgjafi skólaþjónustu starfa með hópnum. Hópurinn kalli eftir samstarfi og samtali við aðra eftir því sem þurfa þykir. Vinnuhópurinn skili af sér skýrslu með niðurstöðum hópsins til fræðslunefndar fyrir 1. október nk.”

Í hópinn voru skipaðir eftirfarandi fulltrúar:

Gunnar E. Sigurbjörnsson, formaður hópsins og fulltrúi fræðslunefndar

Brynhildur Jónsdóttir, fulltrúi fræðslunefndar

Kristrún Hafliðadóttir, fulltrúi leikskólastjóra

Jóhanna Þórhallsdóttir, fulltrúi leikskólastjóra

Oddný Guðríður Pálmadóttir, fulltrúi leikskólakennara

Árný Ilse Árnadóttir, fulltrúi leikskólakennara

Margrét Elísa Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra

Charlotte Sigrid Á Kósini, fulltrúi foreldra

Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, fulltrúi fjölskyldusviðs og starfsmaður vinnuhóps

Þorsteinn Hjartarson, fulltrúi fjölskyldusviðs og starfsmaður vinnuhóps

Á tímabilinu urðu breytingar á vinnuhópnum, Harpa Kristín Hlöðversdóttir kom inn í stað Oddnýjar sem fulltrúi leikskólakennara, Anna Söderström kom inn í hópinn sem fulltrúi

foreldra í stað Charlotte fljótlega eftir að hópurinn tók til starfa og Laufey Ósk Magnúsdóttir tók við af Önnu á vormánuðum 2022.

Fyrsti fundur vinnuhópsins var 31. maí 2021 þar sem erindisbréf hópsins var lagt fram til samþykktar.

Vinnuhópurinn setti sér nokkur markmið til að byrja með sem sneru að endurskoðun reglna um leikskólamál, lokanir leikskóla í sumarfríum og vinnuumhverfi starfsfólks. Auk þess var fljótlega stefnt að því að halda stórt málþing um stöðu leikskólans hér í Árborg þar sem saman kæmu allir hagsmunaaðilar sem tengjast málaflokknum utan barnanna sjálfra. Vinnuhópurinn fundaði alls 24 sinnum á 11 mánuðum, auk þess voru nokkrir stuttir fundir eftir þörfum.

Á tímabilinu lagði hópurinn fram þrjú minnisblöð til bæjarstjórnar sem voru eftirfarandi:

- 1. Tillaga vinnuhóps um leikskólamál varðandi sumarlokanir fyrir sumarið 2022**
Hópurinn leggur til að sumarlokanir leikskólanna í Árborg verði 20 virkir vinnudagar frá og með miðvikudeginum 6. júlí til og með miðvikudeginum 3. ágúst sumarið 2022.

Foreldrar hafi svigrúm til að hafa börn sín í lengra sumarfrí, að hámarki í sex vikur samfelld, og fá leikskólagjöld felld niður ef þau eru í beinum tengslum við sumarlokun leikskólans, annað hvort á undan eða eftir.

- 2. Tillaga vinnuhóps um fjölgun starfsmannafunda**
Hópurinn leggur til að starfsmannafundir í leikskólum Árborgar verði tvisvar sinnum á hvorri önn. Annað skiptið frá kl. 8-10 og hitt skiptið kl. 14-16 og leikskólarnir því lokaðir á þeim tíma. Um er að ræða fjölgun um einn tveggja stunda fund á hvorri önn.

Ekki gefst tími til að ræða heildstætt fagleg málefni í erli dagsins með öllum starfsmönnum í leikskólunum, því vinnutími starfsmanna er samofinn dvalartíma barnanna. Tækifærin sem starfsfólk leikskólanna hefur til að vinna sameiginlega að faglegum málefnum í anda lærdómssamfélagsins eru of fá í dag.

- 3. Tillaga vinnuhóps um breytingar á reglum um leikskóla**
Vinnuhópurinn lagði til breytingar á reglum í kaflanum um skilyrði fyrir leikskóladvöl þar sem hægt er að sækja um dvöl í leikskólum fyrir öll börn óháð búsetu en krafa er gerð um að búið sé að færa lögheimili í Árborg fyrir 1. ágúst ár hvert. Þetta einfaldar yfirsýn stjórnenda leikskóla og umsóknarferlið er skýrara fyrir foreldra og forráðamenn.

Umfangsmesta verkefni vinnuhópsins var að standa fyrir málþingi um leikskólamál. Upphaflega var stefnt að því að halda það 7. september 2021. Því var frestað til 1. nóvember vegna bylgju Covid-19. Aftur þurfti að fresta vegna Covid-19 bylgju til 30. mars 2022.

Málþing um leikskólamál 30. mars 2022

Upphafleg drög að dagskrá voru eftirfarandi:

- Kl. 8:30 Húsið opnar
- Kl. 9:00 Gísli H. Halldórsson, bærarstjóri, setur þingið
- Kl. 9:15 Haraldur Freyr Gíslason, formaður, FL flytur erindi
- Kl. 9:30 Fulltrúi atvinnulífsins frá Atorku flytur erindi
- Kl. 9:45 Fulltrúi foreldra flytur erindi
- Kl. 10:00 Kaffihlé
- Kl. 10:15 Umræðuhópar
- Kl. 11:00 Sigríður Einarsdóttir, hjúkrunarfræðingur á HSu, flytur erindi
- Kl. 11:30 Helga Björk Ólafsdóttir, leikskólastýra hjá Hjallastefnunni, flytur erindi
- Kl. 12:00 – 13:00 Hádegisverður
- Kl. 13:00 Svava Björg Mörk, lektor við HA, flytur erindi
- Kl. 13:30 Kristín Karlsdóttir, dósent við HÍ, og Sara Margrét Ólafsdóttir, dósent við HÍ, flytja erindi
- Kl. 14:00 Umræðuhópar
- Kl. 14:30 Kaffihlé
- Kl. 14:45 Umræðuhópar
- Kl. 15:30 Niðurstöður umræðuhópa kynntar
- Kl. 15:45 Þingslit

Nokkrar breytingar voru gerðar á dagskránni vegna forfalla fyrirlesara en lokadagskráin var eftirfarandi:

- Kl. 8:30 Húsið opnar
- Kl. 9:00 Gísli H. Halldórsson, bærarstjóri, setur þingið
- Kl. 9:15 Haraldur Freyr Gíslason, formaður FL, flytur erindi
- Kl. 9:30 Vinnuhópur um leikskólamál - Gunnar E. Sigurbjörnsson
- Kl. 9:45 Hugvekja foreldra - Ingimar Helgi Finnsson
- Kl. 10:00 Kaffihlé
- Kl. 10:15 Umræðuhópar
- Kl. 11:00 *Farsæld í þágu barna* - farsældarteymi Árborgar kynnir
- Kl. 11:30 *Skipulag vinnutíma starfsfólks* - Helga Björk Ólafsdóttir leikskólastýra hjá Hjallastefnunni
- Kl. 12:00 – 13:00 Hádegisverður
- Kl. 13:00 *Menntun leikskólakennara - samfélagslegur ávinningur?* - Svava Björg Mörk, lektor við HA
- Kl. 13:30 *Leikur í leikskólastarfi* - Kristín Karlsdóttir, dósent við HÍ

- Kl. 14:00 Umræðuhópar
- Kl. 14:30 Kaffihlé
- Kl. 14:45 Umræðuhópar
- Kl. 15:30 Niðurstöður umræðuhópa kynntar
- Kl. 15:45 Þingslit

Góð mæting var á málþingið, á þriðja hundrað manns mættu og tóku þátt í umræðunum sem gengu mjög vel. Þátttakendum var fyrir fram skipt niður í 20 hópa og því voru starfsmenn frá mörgum leikskólum saman við borð og umræður því enn fjölbreyttari. Það var mikill kraftur í hópnum sem skilaði sér í góðu flæði. Einnig voru fulltrúar foreldrar sem tóku þátt í umræðunum sem og fulltrúar stjórn málafla í Árborg.

Málþingið var einnig sent út í beinu streymi sem gerði fólki kleift að fylgjast með erindunum að heiman og taka þátt með því að koma með spurningar.

Niðurstöður umræðuhópa

Umræðuhópar, lota eitt:

Hvað er leikskóli?

Menntastofnun, sem er vinnustaður nemenda og kennara. Hann er fyrsta skólastigið en jafnframt hefur hann líka hlutverk sem þjónustustofnun. Viðhorf í samfélaginu er oft á þá leið að hann sé frekar þjónustustofnun en menntastofnun. Leikskólinn er fyrir börn og hann styður foreldra við uppeldi barna og er í einhverjum tilfellum griðastaður barna þar sem þau finna fyrir öryggi. Kennsla í leikskólum fer fram í gegnum leik þar sem líðan barna er viðurkennd og þeim kennt að skilja tilfinningar sínar og koma orðum að þeim. Tekið er á móti hverju barni eins og það er fyrir kallað og mið tekið af líðan þess. Álit margra sem starfa í leikskólum er að um sé að ræða besta starf í heimi.

Tillaga:

- Skoða skólaskyldu frá 4 ára aldri.

Hvert er hlutverk leikskólans?

Leikskólinn er fyrst og fremst menntastofnun sem gegnir líka mikilvægu þjónustuhlutverki fyrir gang samfélagsins. Leikskólinn styður við foreldra í uppeldi barna sinna, m.a. með leiðsögn og ráðgjöf. Samstarf heimilis og leikskóla er mjög mikilvægt. Í uppeldi barna er það alltaf heimili barnsins sem leggur grunninn og leikskólinn styður við það með námi sem fer fram í gegnum leik. Námið snýst um að efla færni barnsins til þátttöku í samfélaginu og skóla. Starfsfólk leikskóla skapar umhverfi sem stuðlar að því að börn upplifi öryggi, hlýju og vellíðan með því að bera virðingu fyrir leik, þörfum og tilfinningum barna. Einnig er hugað að heilsufari og velferð barna í leikskólunum. Í menntun leikskólakennara er farið yfir almennan andlegan og líkamlegan þroska á hverju aldurskeiði sem gefur þeim forsendur til að gefa góð ráð og stuðning og stuðla

að faglegum inngripum og leiðsögn ef á þarf að halda og grípa þannig til snemmtækrar íhlutunar í góðu samstarfi við forsjáraðila. Leikurinn er aðalkennsluaðferð leikskólans og í gegnum hann er sjálfstæði barna eflt, sjóndeildarhringur þeirra víkkaður, vakinn áhugi á ólíkum viðfangsefnum og félagsfærni efld.

Er leikskólinn menntastofnun, þjónustustofnun eða bæði?

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þjónustustofnun fyrir börn í samstarfi við foreldra. Ef ekki væri leikskóli væri erfitt að halda atvinnulífinu gangandi. Mikilvægt er að samfélagið beri virðingu fyrir starfi leikskólans, m.a. með því að gefa foreldrum sveigjanleika þegar á þarf að halda. Leikskólinn er 100% menntastofnun sem einnig sinnir þjónustuhlutverki og varast verður að líta á hann sem geymslustað fyrir börnin. Stytting vinnuvikunnar virðist ekki hafa skilað sér í styttri vinnudegi barna á leikskólaaldri en þau þurfa jafn mikið á styttri vinnudegi að halda og fullorðið fólk.

Tillaga:

- Gjaldfrjáls leikskóli í 4-6 tíma og þá faglegt starf. Leikskólinn yrði áfram með sama opnunartíma og sama kostnað en klukkutíminn sem þarf að borga fyrir er dýrari.

Hvernig uppfyllir leikskólinn hlutverk sitt sem menntastofnun?

Allir leikskólar vinna eftir Aðalnámskrá leikskóla og eiga allir að gera sína skólanámskrá. Þegar unnið er eftir námskránum uppfyllir leikskólinn sitt hlutverk. Leikskólar kenna eftir mismunandi áherslum sem koma fram í skólanámskrá og mikilvægt er að koma þeim áherslum skýrt á framfæri við foreldra t.d. leikurinn, grænféni, útikennsla, heilsueflandi, heilsuskóli. Fjölbreyttur og menntaður mannauður í leikskólunum er kostur. Fjölbreytt háskólamenntun getur verið kostur undir handleiðslu leikskólakennara. Kennarar ættu að hvetja börn til að hafa áhrif á nám sitt og veita þeim tækifæri til þess með því að elta áhuga þeirra. Leikskólarnir gera dagskipulag sem unnið er eftir, nýta ýmis skráningar- og matstæki til að meta starf leikskólans. Leikskólakennarar og annað starfsfólk leikskólanna skiptir máli, þekking þeirra, reynsla og hæfni, sérstaklega með tilliti til þess að stöðug kennsla er í gangi allan daginn sem barnið er í leikskóla.

Á málþinginu kom fram mikilvægi þess að fjölga leikskólakennurum hlutfallslega og uppfylla lög um leikskóla. Rætt var um að bil milli launa deildarstjóra og leikskólakennara sé of lítið og tími til að leiðbeina ófaglærðu starfsfólki ekki nægilegur. Kemur fram að oft sé um undirmönnun að ræða en þegar skólinn er vel mannaður sé hægt að keyra flott skipulagt starf. Einnig rætt um að undirbúningstímar þurfi að ganga upp.

Hvernig uppfyllir leikskólinn hlutverk sitt sem þjónustustofnun?

Leikskólinn er opin 5 daga vikunnar frá kl. 7:45 – 16:30. Boðið er upp á sveigjanlegan vistunartíma í leikskólum Árborgar. Foreldrar treysta á leikskólann, hann er til staðar fyrir börnin. Leikskólinn er ekki þjónustustofnun samkvæmt lögum, hann er þjónusta fyrir börnin en ekki foreldra en samstarf við foreldra skiptir miklu máli fyrir barnið. Leikskólinn styður við börn og fjölskyldur þeirra þar sem þörfum hvers og eins er mætt. Opnunartíminn fyrir kl. 8 og eftir kl. 16 er þjónustutími en samt sem áður er enginn skilgreindur tími sem þjónusta. Starfsfólk sér

fyrir sér aukið álag í leikskólunum með breyttu sumarfrí. Rætt var um yngri börn í leikskólanum og styttri dagsvefn þeirra. Mikilvægt er að starfsfólk leikskólanna sé fordómalaust. Vangaveltur um hvort heilbrigðisþjónusta og félagsþjónusta séu komnar of mikið inn í leikskólana.

Hvernig vilt þú að leikskólinn sé?

Samræmi sé milli leik- og grunnskóla varðandi frí, t.d. í kringum jól og áramót, í dymbilviku og haust- og vetrarfrí. Að leikskólinn veiti öryggi og vellíðan og að börnum sé sýnd umhyggja þar sem starfið sé alltaf miðað að börnum. Metnaður sé lagður í leikskólastarfið með fjölbreytileika að leiðarljósi. Leikskólinn mætti vera fjölskylduvænna starfsumhverfi. Hafa ber í huga að þó þjónusta við foreldra sé ekki skert þá sé jafnvel verið að skerða þjónustuna við börnin. Leikskólinn er menntastofnun en ekki þjónustustofnun og mikilvægt að hann geti sinnt sínu hlutverki. Starfsmannahald þarf að vera öruggt og stöðugt og leikskólinn þarf að vera vel mannaður. Fjölga þarf leikskólakennurum, stytta viðverutíma barnanna og jafnvel að hafa ekki fleiri en 15 börn á deild. Fjallað er um að leikskólarnir vinni með þátttökuaðlögun með tilliti til þess að foreldrar og starfsfólk kynnist betur. Mikilvægt að leikskólinn sé sem bestur fyrir börnin og tækifæri skapist til að sinna hverju barni vel. Foreldrasamstarf er mjög mikilvægt og að foreldrar beri traust til leikskólanna. Leikskólarnir mættu sýna og segja betur frá því starfi sem fer fram í leikskólunum.

Hvaða breytingar þurfa að eiga sér stað í leikskólastarfi?

Það þarf að viðurkenna hlutverk leikskólans sem menntastofnunar og leikskólinn þarf að öðlast virðingu frá samfélaginu. Það þarf að auka stöðugildi svo undirbúningstímar getir haldið sér og að lágmarki séu fjórir kennarar á eldri deildum. Uppfylla þarf fjölda leikskólakennara samkvæmt lögum um leikskóla, skapa rými fyrir annað fagfólk innan leikskólanna og stuðla að öflugri símenntun. Stytting vinnuvikunnar veldur miklu álagi og kemur sér ekki vel fyrir börnin og hún veldur minni stöðugleika. Það þarf að koma maður í manns stað og vera til starfsfólk í afleysingar. Á sama tíma er stytting góð fyrir starfsfólk og nýtist því vel. Þegar barngildi eru reiknuð þarf að hafa í huga að reikna eftir þeim rýmum sem börnin nota en ekki sameiginlegum rýmum. Sveigjanleiki þarf að vera í dagskipulagi barnanna og lesa þarf í líðan þeirra. Mikilvægt er að vera meðvituð um frjálsa leikinn. Leikskólabörn þurfa, líkt og grunnskólabörn, vetrar- og haustfrí þar sem mikið áreiti er í leikskólanum, einnig er rætt um jóla- og páskafrí. Rætt um að vistunartími eigi að vera styttri þegar foreldrar eru í fæðingarorlofi og námi. Ætti að vera skólaskylda í leikskóla? Það þarf að stytta skóladag barnanna og þá er spurning hvernig ætti að gera það. Ættu yngri börnin að vera í styttri vistun og meira heima hjá foreldrum? Fækka þarf börnum á deildum, fjölga leikskólakennurum, skapa meiri stöðugleika og hægja á samfélaginu öllu. Leikskólastarfið þarf að vera sýnilegra sem hægt er að gera með fréttabréfum deilda leikskólanna og góðu upplýsingaflæði.

Tillaga:

- Hafa leikskólann gjaldfrjálsan í 4-6 tíma og dýrari gjöld fyrir lengri vistunartíma en það. Það hvetur foreldra til að stytta vistunartíma barna sinna. Jafnvel hugsanlegt að hafa gjaldfrjálst til kl. 13 og þá er það í samræmi við viðveru í grunnskóla á yngsta stigi.

Er húsnæði og aðbúnaður leikskólanna hér í Árborg nægilega gott?

Eins og staðan er í dag þá eru leikskólarnir Álheimar og Árbær í bráðabirgðahúsnæði að hluta til og þar vantar framtíðarlausnir og aðstaðan jafnvel óviðunandi. Mjög erfitt er að bera húsnæði leikskólanna saman þar sem það er mjög misjafnt. Útisvæði eru víða í ólagi. Ræsting leikskólanna er ekki nægilega góð og hana þarf að bæta. Huga þarf að húsbúnaði bæði fyrir kennara og nemendur, t.d. góðum stólum fyrir starfsfólk og endurnýjun húsgagna þar sem þau eru úr sér gengin. Sinna þarf viðhaldi leikskólahúsnæðis og lóða vel og reglulega. Væri gott að hafa matsal í öllum leikskólunum þar sem það dregur úr álagi.

Umræðuhópar, lota tvö:

Hvernig metið þið að okkur sem samfélagi gangi að tryggja farsæld barna í Árborg?

Mismunandi skoðanir komu fram, sumir voru á því að þetta gangi ekki nægilega vel vegna skorts á starfsfólki til að sinna stuðningi. Einnig vanti fjármagn til að tryggja raunverulega farsæld. Til framtíðar mun nýtt vinnulag í kjölfar laga um farsæld í þágu barna fækka þungum barnaverndartengdum málum. Þegar þetta fer að virka í alvöru sjáum við að þetta mun virka. Tilgangurinn með farsældarlögunum er að bæta samskiptin á milli kerfa og lögunum ber að fagna. Það þarf að kynna þetta enn betur.

Með því að tryggja gott leikskólastarf, mæta glöð og tilbúin til starfa alla daga. Mæta hverju barni og hverri fjölskyldu eins og hún er. Vinna með snemmtækan stuðning þegar við á og tryggja svigrúm til þess að hægt sé að framfylgja samþykktum verkferlum.

Það sem farsældarteymið setti fram skiptir miklu máli. Innan leikskólanna skiptir ráðgjafateymið okkur miklu, frábært að hafa aðgang að öllum þessum sérfræðingum.

Þegar búið er að tryggja sama vinnulag gagnvart öllum börnum, þegar eitthvað kemur upp á, sitja allir við sama borð.

Íþrótt- og æskulýðsstarf er til fyrirmyndar. Erum á góðri leið, þ.e. búið að leggja góðan grunn eða ramma sem mikilvægt er að fylgja eftir. Gætum gert miklu betur – sbr. vetrarfrí grunnskólanna þegar systkini eða kennarabörn mæta samt í leikskólana. Einhverjir sem vilja kannski vinna styttri vinnudaga, svo sem til kl. 14, og að börnin eigi styttri vinnudaga í skólum og leikskólum samhliða því, en hafa þó ekki efni á því. Ánægja með farsældarteymið og stuðning við þau börn sem það þurfa. Farsældarlögin eru ný og reynslan er ekki komin, en vonandi mun þetta ganga betur og stytta biðtíma eftir þjónustu.

Allur metnaður sem við leggjum í starf barnanna er ávallt með velferð barnanna í huga. Það vantar meiri umræðu í samfélaginu um vistun barna sem oft er mjög löng vistun. Það vantar vakningu í samfélaginu um álag, áreiti og andlega líðan sem við leggjum á börnin. Það eru miklar kröfur á að foreldrar séu báðir í 100% starfi og því minnkar samveran oft með börnunum. Eftir leikskóla eru börn oft t.d. í frístundum, gæslu í líkamsræktarstöðinni eða í pössun hjá ömmu og afa. Það þarf að styrkja menntun leikskólakennara/fagaðila því það eru þeir sem stuðla að farsæld barnanna.

Mikilvægir punktar:

- Ráðgjafateymi skólaþjónustunnar gefur góðan aðgang að sérfræðingum sem er mjög jákvætt.

- Snemmtæk íhlutun er mikilvæg.
- Aðkoma talmeinafræðinga inn í leikskólana í ákveðnum lotum mjög jákvæð.
- Mjög jákvætt hvernig farsældarteymið í Árborg stendur á landsvísu.

Hvernig stuðlum við að farsæld barna?

Helsta niðurstaða umræðuhópanna, sem kom oft fram sem tengdist farsældinni, er að leggja áherslu á að bæta og tryggja reglulegan aðgang að fagfólki til stuðnings leikskólastarfi. Mikið rætt um að hafa sérteymi sérfræðinga fyrir hvern leikskóla, svo sem talmeinafræðinga, sálfræðinga, félagsráðgjafa o.fl. Auk þess þarf að efla upplýsingaflæði til barna og foreldra og að upplýsingarnar séu skýrar. Að fjölskyldur þurfi ekki að ganga á eftir upplýsingum. Einnig mætti efla uppeldisfræðslu til foreldra auk þess að styrkja símenntun starfsfólks um þætti eins og þroskafrávik og erfiða hegðun. Einnig var talsvert rætt um að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé hafður að leiðarljósi í ákvarðanatöku er varða börn og að lögum sé framfylgt.

Hvað telur þú mikilvægast að sett verði í forgang við mótun samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna í Árborg?

Mikilvægt er að samskipti allra þeirra sem koma að hverju barni séu góð og ferli sé vel skipulagt og fagaðilar komi að málinu á öllum stigum. Málstjóri haldi vel utan um hvert mál, veiti upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir málið og samstarf hans, tengiliðar og foreldra sé gott. Tryggja þarf að tími til þessarar vinnu sé nægur. Snemmtæk íhlutun er mikilvæg og fer af stað um leið og grunur vaknar óháð greiningarferli. Skilgreina þarf stuðningsþarfir vel og fylgja eftir að þeim sé sinnt. Við gerð stuðningsáætlunar þarf að tryggja sameiginlegan skilning allra sem að málinu koma. Góð þróun er að talmeinafræðingar komi í leikskólana til ráðgjafar og vinnu með börnum, gott væri að frá fleiri fagaðila inn í sams konar vinnu, t.d. iðjubjálfa. Mikilvægt að auka samstarf og aðgengi að barnavernd og HSu. Mikilvægt er að kynna farsældarlögin vel og hvert ferlið er þegar beiðni er send inn þegar óskað er eftir samþættingu þjónustu. Í grunninn þarf nægan mannafla og verkfæri til að sinna farsæld í þágu barna. Kynna vel fyrir foreldrum hvaða þjónusta stendur til boða í Árborg. Að upplýsingum frá leikskóla er varðar nemandann sé fylgt eftir þegar komið er í grunnskóla.

Tillögur:

- Að það komi ákveðnar stefnuýfirlýsingar frá farsældarteymi á borð við: "Börn í Árborg eru ekki sett í einveru" / "Leitast er við að öll börn fái einhverja útiveru daglega" o.s.frv.
- Að allir sem starfa með börnum í leikskólum Árborgar fari á uppeldisnámskeið.

Er hægt að breyta vinnufyrirkomulagi i leikskólum Árborgar? (Eftir fyrirlestur frá Hjallastefnu)

Í heildina var fólk ekki ánægt með vinnufyrirkomulag Hjallastefnunnar en hægt væri að læra margt af því, t.d. með því að bæta sveigjanleika hvað varðar vinnutíma og dagskipulag leikskólans. Einnig komu upp umræður um tilhögun leikskóladagsins hvað varðar skólatíma og

frístund. Þátttakendur á málþingi komu einnig inn á það að nýta þessa 26 daga sem liggja á bak við vinnutímastyttingu í sömu lokanir og grunnskólar hafa (jóna-, haust-, vetrar- og dymbilvikufri).

Þátttakendur komu því einnig á framfæri að ósanngjarnt væri að geta ekki unnið í hlutastarfi eins og vinnufyrirkomulag Hjallastefnunnar er byggt á. Spurningar um þau börn sem eiga rétt á stuðningsaðila samkvæmt mati, hvernig því væri háttað. Hvernig vinnutilhögun snemmtækrar íhlutunar kæmi fram í þeirra starfi. Ekki væri sanngjarnt að leggja sömu kröfur á ófaglært starfsfólk og leikskólakennara í þessum málum.

Umræður um hvort að hægt væri að vera með starfsmannaleigur að norskri fyrirmynd, að óábyrgt sé að starfsmaður sé einn með hóp af börnum í langan tíma. Síðast en ekki síst kom það fram að ekki er vilji til að taka vinnuna sína með sér heim, í formi þess t.d. að taka foreldraviðtöl um helgar.

Hvernig getur samfélagið tryggt gæði fyrir nemendur í leikskólakennaranámi?

Upplifun starfsfólks og kennara er að Árborg sé að gera mjög vel við þau sem kjósa að vera í námi meðfram vinnu. Oft megi samt sem áður bæta ýmislegt. Þar má m.a. nefna aukinn sveigjanleika, að fá aukið stöðugildi í hús þegar margir eru í námi, samræmingu á milli skólastiga, hækka laun leikskólakennara sem hvatningu fyrir nám, jákvætt og hvetjandi viðhorf gagnvart nemum, gefa nemum kost á því að vera á launum í vettvangsnámi, innlotum, verkefnaálagi og prófatíð.

Umræður um hvort verið sé að gera lítið úr náminu og vinnunni í leikskólunum með því að fara í 100% nám, meðfram 100% starfi.

Það er kannski á ábyrgð samfélagsins að gera leikskólakennaranemum og þeim sem hafa áhuga á því að vinna sem slíkir hátt undir höfði og gæta þess að umræðan verði ekki neikvæð í þeirra garð. Það hefur sýnt sig síðustu tvö ár að leikskólakennarar eru nauðsynlegir fyrir samfélagið þannig að það gangi sinn vanagang og að atvinnulífið virki en á sama tíma er leikskólakennarastarfið alltaf talað niður og ekki þótt merkilegt eða mikilvægt.

Hvaða samfélagslegu áhrif hefur leikskólakennaramenntun?

Fleiri leikskólakennarar hafa jákvæð áhrif á ímynd kennarastarfsins og hversu mikilvægt starf fer fram inni á leikskólum. Jákvætt að margir vinni á leikskólum samhliða námi en það getur verið óheppilegt þegar mikill fjöldi leikskólakennaranema á hverjum leikskóla er í lotum/tímum á sama tíma og skapar mönnunarvanda. Fjölgun fagmenntaðra starfsmanna hefur jákvæð áhrif á sýnileika starfsins. Auk þess hefur faglegt leikskólastarf jákvæð áhrif á þroskamöguleika barna. Þekking leikskólakennara á þroska og leik barna skiptir miklu máli og getur talist vera snemmtæk íhlutun. Hún tryggir að unnið sé eftir lögum og reglum um leikskóla sem aftur felur í sér forvörn og snemmtæka íhlutun. Einnig skilar faglegt starf sér í betri menntun og gæðum í skólastarfi á fyrsta skólastiginu. Leikskólakennaramenntun stuðlar að betra samfélagi, álag minnkar í starfsmannahópnum sem hefur snjóboltaáhrif á veikindi og starfsmannaveltu.

Hvernig getum við eftt samstarf ólíkra aðila við menntun leikskólakennaranema?

Samtal og samvinna allra sem koma að borðinu. Við erum með ólíka sýn og þarfir og þurfum að finna farsæla lausn sem hentar öllum.

Það þarf að ráða inn starfsfólk og taka m.a. tillit til fjarveru leikskólakennara sem eru í námi. Efla þarf samtalið milli háskólasamfélagsins, leikskólans og stjórnarsýslunnar, t.a.m. með því að hafa fyrir fram skilgreinda tíma sem nemar hafa til umráða í eins konar vinnuafslátt. Auk þess að nemar hafi heimild til að fara frá vinnu þegar háskólinn kallar þá inn en sú heimild nær ekki yfir nemana sem sinna sjálfsnámi, þetta getur þó verið öfugt. Þessu verði breytt á þann hátt að í samningi verði skilgreindur tímafjöldi sem er áætlaður í slík verkefni, sbr. Garðabæ. Einnig mætti athuga hvort undirbúningstímar gætu nýst að hluta til fyrir þetta verkefni. Við þurfum að hafa breiðan hóp af fagfólki sem vinnur saman og nýtir þekkingu hver annars.

Er leiknum gert hátt undir höfði í leikskólum Árborgar? Og þá hvernig?

Hvort leiknum sé gefinn nægilegur tími fer mikið til eftir leikskólum, starfsfólki, dagskipulagi, rými og menntunarstigi starfsmanna. Þörf er á meiri fræðslu um frjálsa leikinn og tilgang hans. Leikurinn á í hættu að verða út undan þegar skipulagt hópastarf verður of plássfrekt.

Fær leikurinn nægt rými í dagskipulagi leikskólanna? Ef ekki, hvernig er hægt að bæta úr því?

Það er misjafnt milli leikskóla hversu mikið rými frjáls leikur fær. Hægt að bæta úr því með því ræða leikinn inni á hverri deild fyrir sig, í leikskólunum, við börnin og jafnvel foreldra. Útivist er mikilvægur þáttur í leikskólunum hér og meiri hluti útivistar er í raun frjáls leikur. Frasin "frjáls leikur" er ekki sýnilegur á dagskipulagi en margt inni í skipulaginu er í eðli sínu frjáls leikur. Þegar skipulagt starf dettur niður þá er hægt að nýta tækifærið og taka skref til baka og skoða hvað við erum að kenna þeim í gegnum leikinn. Til að mynda er heilmikil málörvun sem getur farið fram í gegnum leik. Grunnatriði hjá starfsfólki er að vera til staðar, bæði andlega og líkamlega, þegar börn eru að leika sér og við önnur börn. Dagskipulag getur stundum verið hamlandi, ef það er góður og mikill leikur í gangi er mikilvægt að stoppa ekki leikinn til þess að skipta yfir í næsta lið dagskipulagsins. Hafa þarf meiri sveigjanleika í starfinu. Leikur fær hugsanlega ekki nægjanlega mikinn tíma og rými og almenna virðingu í leikskólum. Mikilvægt er að vera vakandi yfir þessu og ígrunda starf leikskólans. Að það sé ekki verið að ofhlaða stundatöflur og gera óraunhæf markmið. Leikskólakennurum líður oft þannig að þeir þurfi að sýna einhvers konar afurð af námi og starfi. Talsvert var rætt um rýmisþarfir inn á leikskólunum fyrir frjálsan óheftan leik. Ekki sitja allir leikskólarnir þar við sama borð.

Hvaða leikgerðir eru mest áberandi á ykkar vinnustað og í hverjum takið þið helst þátt?

Leikgerðir eru mismunandi milli deilda, aldurs barna og kyns. Á yngri deildum eru byggingaleikir algengari en á eldri deildum er mikið um hlutverkaleiki og ærslaleiki. Leikskólastarfsfólk tekur mestan þátt í sjálfsprottnum leik og kennarastýrðum leik. Leikurinn verður betri eftir því sem barnahóparnir eru minni, t.d. ef helmingur barnanna er úti og hinn helmingurinn inni og þeim jafnvel skipt í minni hópa í hlutverkaleiki, byggingaleiki, ærslaleiki, regluleiki og sjálfsprottna leiki. Með þessu er hægt að veita hverju barni meiri athygli og aðstoð í leiknum. Þátttaka kennara virðist helst vera í hlutverkaleik inni og í ærslaleik úti og svo í regluleikjum. Það kemur fram að kennarar séu jafnvel að stjórna leiknum meira en þeir halda. Jafnvel er stýrðara val á

yngru deildum en eldri deildum. Misjafnt er á milli leikskóla hvernig aðgengi er að efnivið, í sumum leikskólum mega börnin sjálf velja efnivið í flestum stundum dagsins meðan annars staðar eru kennarar stundum að stýra efniviðnum sem í boði er og gefa val um nokkra hluti til að leika með en það er þó í minni hluta. Það kemur fram að erindið um leikinn hafi verið skammtilegt og minnt á að stundum er verið að stoppa leiki sem þarf ekki endilega að stoppa.

Er leiknum gert hátt undir höfði í leikskólum Árborgar? Og þá hvernig?

Það virðist vera mjög misjafnt milli leikskóla hversu mikið rými frjálsi leikurinn fær, allt eftir starfsfólki, dagskipulagi, rými og menntunarstigi starfsmanna. Mikilvægt er að upplýsa bæði starfsfólk leikskóla og foreldra um mikilvægi frjáls leiks, m.a. með fræðslu. Leikurinn á í hættu á að verða út undan þegar skipulagt starf og tilbúið námsefni verður of plássfrekt. Gott væri að leikskólar skoði reglulega hjá sér skipulag með tilliti til leiksins. Leikurinn er námsleið barna. Mikilvægt að eyðileggja ekki leikinn út af einhverjum fyrir fram ákveðnum reglum. Lesa í aðstæður, athuga fyrst og finna svo lausnir.

Tillaga:

- Að hafa leiðsagnarkennara á leikskólum sem leiðbeina nýju starfsfólki sem ekki hefur sömu þekkingu á leiknum og leikskólakennarar.

Notið þið hugtakið „frjáls leikur“ þegar þið talið um leik barna? Hvað eigið þið þá við með frjálsum leik?

Oft notað yfir sjálfsprottinn leik barna. Það mætti vera miklu meiri fræðsla fyrir starfsfólk um frjálsa leikinn og um leik barna sem námsleið. Hugtakið frjáls leikur er einnig notað þegar börnin velja sér sjálf efnivið og skapa leik úr honum.

Það má velja því fyrir sér hvort leikurinn sé í raun og veru frjáls þegar börnin leika sér inni. Þar er umhverfið og efniviðurinn oft fyrir fram ákveðið af kennurum. Það er meiri frjáls leikur úti. Val, hringekja og stöðvavinna er stýrð að hluta, einhver ákveðinn rammi sem kennarinn setur en börnin fá frelsi innan rammans. En það er þá í raun ekki alveg frjáls leikur því hann er ekki sjálfsprottinn hjá börnunum.

Það má samt gera meira af því að nota þetta orð og vera þannig fyrirmyndir fyrir allt starfsfólk leikskólans sem og foreldra og aðra hlutaðeigandi.

Umræða um að of mikið skipulag hafi áhrif á leikinn, sem truflar frjálsa leikinn, þannig að tíminn verður of knappur fyrir börnin, þau ná varla í flæði á þessum tíma sem gefst. Ástæðan gæti verið að næsta verkefni er að byrja, önnur verkefni kalla, matartímar, stýrður leikur, verkefnavinna, söng- og sögustundir.

Hvernig takið þið þátt í leik með börnum?

Helst í útileikjum. Tökum þátt þegar börnin þurfa aðstoð eða leita til okkar og aðstoðum þau við að koma sér af stað í leikinn og vera til staðar. Erum til staðar fyrir þau, setjumst á gólfíð hjá þeim og erum sýnileg en stýrum ekki leiknum. Hjálpum þeim börnum sem eiga erfitt í leik og veitum þeim stuðning. Aðstoðum við að viðhalda leik og byrja að leika, dýpka leikinn og grípa inn í þegar þörf er á, t.d. þegar börnin ráða ekki sjálf við að leysa vandamál sem upp koma. Ekki vera að gera eitthvað annað um leið nema í mesta lagi með skrifblokk og blýant og rita niður hvað er að gerast. Þannig beitum við virkri hlustun. Spilum við börnin, erum til staðar og leiðbeinum. Komum í veg fyrir „að þurfa að slökkva elda“, slökkva bálið áður en það hefst. Tökum leikinn á hærra plan, gerum leikinn áhugaverðari og þannig að fleiri vilji taka þátt. Notum áhuga barnanna sem kveikju.

Hversu langan samfelldan tíma fá börnin til leiks í ykkar leikskóla?

Misjafnt eftir umræðuhópum. Svör voru allt frá hálf tíma upp í þrjá og hálfan tíma. Oftast samt um eina til tvær klukkustundir mest í samfelldum leik á milli skipulegs starfs annarra fastra dagskrárliða. Horfa þarf samt til aldurs. Eldri börn þurfa yfirleitt lengri tími í óheftan samfelldan frjálsan leik.

Áhugaverðir punktar:

Ráðgjafateymi jákvætt - aðgangur að sérfræðingum

Snemmtæk íhlutun

Aukin aðkoma talmeinafræðinga inn í skólana er jákvæð

Kerfin þurfa að tala betur saman

Jafna stöðu til íþróttta, tómsunda og skóla, upplýsingar og aðgengi þarf að vera skýrt

Samvinna allra mikilvægust

Þarf að kynna nýju farsældarlögin

Gætum gert betur - samræma frí leik- og grunnskóla

Traust milli heimilis og skóla

Ekki bíða með að senda beiðnir - láta börnin njóta vafans

Styrkja menntun - nýta mannauðinn

Upplýsingagjöf mjög mikilvæg

Auðvelt aðgengi fyrir foreldra

Mikilvægt að tryggja að allt starfsfólk leikskóla fái skyndihjálparnámskeið á 1-2 ára fresti

Mættu vera meiri fríðindi fyrir leikskólastarfsfólk

Forgangur fyrir börn leikskólakennara, afsláttur af skólagjöldum, afsláttur í ræktina og sund

Umræðuhópar, lota þrjú:

Hver eru næstu skref í vinnu um málefni leikskóla í Árborg?

Vonandi verður málþingið verði til þess að eitthvað verði gert til að styrkja leikskólastigið.

Þar kom fram að meiri þörf væri á skilningi á leikskólastarfinu og mikilvægi menntunar á því skólastigi. Einnig voru allir þeir sem tóku þátt í umræðum sammála um það að samræma

starfsaðstæður á milli leik- og grunnskóla til að draga úr flóttu leikskólakennara yfir í grunnskóla.

Má þar nefna jóla-, páska-, haust- og vetrarfrí. Kennarar og starfsmenn leikskóla kalla einnig eftir að ákveðið sé fyrir fram hversu margir dagar séu áætlaðir í símenntun starfsmanna. Einnig þarf að skoða hvern leikskóla fyrir sig og nauðsynlegt að hafa samráð við leikskóla þegar breytingar eru fyrirhugaðar. Skoða þarf mismunandi starfsumhverfi þeirra, hvort sem er starfsmannahópin, húsnæði og/eða barnahópin. Álagið sé mikið og nauðsynlegt sé að skoða þann þátt.

Miklar umræður sköpuðust um vinnutímastyttingu og tilhögun hennar (safna henni upp, hvort namar þurfi að nýta styttingu í skólann...) Vinnutímastyttingin er að valda óþarfa álagi þar sem hún má ekki kosta neitt og ekki skerða þjónustu. Kennarar og starfsmenn leikskóla vilja hafa rödd og að það sé hlustað á þá.

Mikilvægt er að leikskólinn sé eftirsóknarverður vinnustaður þar sem gaman er að stunda leik og starf. Umræður voru um að stytta leikskóladaginn og komu alls konar útfærslur á því, hvort sem það var styttri viðvera, ákveðinn tími gjaldfrjáls, dýr vistun í lok dags. Einnig er verið að kalla eftir því að nýliðar í leikskólum fái nýliðaþjálfun og að það sé nauðsynlegt að fá svigrúm til að sinna því.

Eru einhver starfsþróunarverkefni sem þið viljið hrinda í framkvæmd á næstu misserum í leikskólum í Árborg?

Umræður voru um starfsþróunarverkefni sem leikskólar gætu viljað hrinda í framkvæmd og voru þær mismunandi. Ákveðnum hópi fannst mikilvægt að „ná andanum“ eftir erfiða Covid-19 tíma á meðan aðrir vilja taka þátt í starfsþróunarverkefnum. Verkefnum eins og að skoða starfsumhverfi leikskóla í Árborg, skoða mannauðinn okkar, aðstæður, starfsumhverfi, leikinn, barngildi, örfyrirlestra, efla samband milli skóla, auka vellíðan starfsmanna og barna, frjálsari dagskrá, auka útivist, menningarverkefni, mat barna á leikskólastarfinu, skoða starfsmannaveltu, breyta fyrirkomulagi leikskólanna, réttindi barna og barnvænt samfélag, koma á aðlögunarkerfi (yngri börn=styttri viðvera).

Hvað ættu frambjóðendur að leggja áherslu á í leikskólamálum í aðdraganda næstu sveitarstjórnarkosninga og á næsta kjörtímabili?

Margar voru hugmyndirnar hvort sem þær eru framkvæmanlegar eða ekki, eins og að fá frambjóðendur í heimsókn í leikskólana til að kynna sér starfið, að leikskólar þurfi að vera samkeppnishæfir við grunnskólana, bjóða starfsfólki álagsgreiðslur eða auka frídaga fyrir góða mætingu í vinnu, hlusta á fagfólkið og fá meiri stuðning frá bæjarstjórn þegar verið er að ræða leikskólamál (t.d á samfélagsmiðlum), að nauðsynlegt sé að endurskoða fjölda barna inni á deild og gera ráð fyrir rými fyrir starfsfólk. Þar komu einnig margoft fram hugmyndir um gjaldfrjálsan leikskóla, bætt starfsumhverfi, hvort það borgi sig að hafa leikskóla opna allt sumarið, hvernig starfsmenn leikskóla upplifi sumarfríð sitt, skoðanakannanir hvað varðar sumarfrí þarf líka að gera hjá starfsfólki ekki bara hjá foreldrum, í einum hópi kom fram að lengja sumarfrí leikskólanna (um viku). Fjölga leikskólum og leikskólaplássum og að það sé þörf fyrir ungbarnaleikskóla. Starfsmannabörn og forgangur, umbun í formi fríðinda á borð við bókasafns-

og/eða sundkort. Nauðsynlegt sé að fá fjármagn til styttingar vinnuvikunnar, í viðhald leikskólanna, húsbúnað og endurnýjun. Að það sé samstaða innan pólitíkurinnar um að gera leikskólana að ákjósanlegum vettvangi fyrir alla þá leikskólakennara sem starfa á öðrum vettvangi.

Eru einhverjar grundvallarbreytingar sem þurfa að eiga sér stað í þessum málaflokki?

Fram kom að það þurfi að kynna starfið betur út á við svo það eigi sér stað viðhorfsbreyting. Viðhorf til barna þarf að breytast, vinnutími leikskólabarna er oft lengri en fullorðinna. Viðhorfsbreyting í samfélaginu er mikilvæg, að það sé litið á starfsfólk leikskólanna sem alvöru “framlínustarfsfólk” sem menntar börnin en sé ekki bara mikilvæg pössun fyrir foreldra. Rætt var hvort starfsfólk leikskólanna væri einungis framvarðasveit á hættutímum, af hverju ekki alltaf. Leikskólinn er fyrir börn en hafa þarf það í huga að hann er einnig vinnustaður. Því ánægðari starfsmenn því ánægðari börn. Því skiptir starfsumhverfi miklu máli. Umræður um sumarfrí og seinkun á aðlögun þegar lokað er einungis í fjórar vikur. Kafa þarf ofan í mönnunarvanda leikskólans og hvort verið sé að nota þau tæki sem eru til eins og Bradfordkvarðann. Bæta þarf við fleiri starfsmönnum og fækka barngildum inni á deildum. Að starfsmannabörn fái forgangi í leikskóla og allar stærri ákvarðanir séu teknar í samráði við leikskólana. Gera stefnuyfirlýsingu um hvað leikskólar í Árborg standi fyrir. Hún sé unnin af fagfólki og til 10 ára.

Samantekt og niðurstöður málpingsins

Helstu niðurstöður málpingsins eru þær að það er ákall eftir því að það sé viðurkennt og samþykkt að leikskólinn sé fyrsta skólastigið með mikla áherslu á menntun og uppeldi barna. Hann er einnig þjónusta við foreldra en viðhorfið má ekki vera á þann veg að leikskólinn sé fyrst og fremst þjónusta eins og leikskólastarfsfólk hefur á tilfinningunni að sé í samfélaginu. Leikskólastarfsfólk hefur miklar áhyggjur af starfsumhverfi leikskólanna. Þar ber hæst styttri sumarlokanir, stytting vinnuvikunnar og aukinn undirbúningstími sem allt verður til þess að starfsfólk á deildum er mögulega færra en ella. Til að bæta starfsumhverfi kom fram að það væri mögulega hægt með samræmi milli skólastiga varðandi frí, t.d. lokun leikskólanna milli jóla og nýárs, í dymbilviku og í haust- og vetrarfríum grunnskólanna. Sveigjanleiki í vinnutíma leikskólastarfsfólks er mjög lítill því nemendur eru með kennurum frá kl. 7:45-16:30. Einnig kom fram tillaga um að leikskólinn yrði gjaldfrjálst að einhverju leyti, t.d. 4-6 tíma á dag, og tíminn umfram þessa tíma yrði dýrari og kostnaður foreldra vegna 8 tíma vistunar yrði í raun sá sami og nú. Áhyggjur leikskólastarfsfólks vegna flóttu kennara úr leikskólunum eru mjög miklar og bent er á að þessi flótti stafi að einhverju leyti af starfsumhverfi leikskólanna. Einnig kemur fram að stór hluti þeirra starfsmanna sem fer úr leikskólunum í grunnskólana eru leikskólakennarar. Húsnæði leikskólanna er misjafnt og það þarf að huga vel að því hvernig viðhaldi er háttað og hvort húsnæði sé hentugt fyrir starfsemi leikskóla. Það þarf að halda áfram að gefa starfsfólki svigrúm til að stunda starfstengt nám með vinnu. Einnig kom fram að ekki sé gefið nægilegt rými innan starfs leikskólanna til að handleiða nýtt starfsfólk en vonast er til að ný

móttökuáætlun fyrir nýliða í leikskólum Árborgar (haust 2022) sé skref í rétta átt hvað það varðar. Það kom fram að það þurfi að gefa frjálsa leiknum rými innan dagskipulags leikskólanna, bæði inni og úti, þrátt fyrir auknar kröfur um menntun og skipulag. Þar sem lög um farsæld barna tóku gildi 1. janúar 2022 kom fram að það þyrfti að kynna þau vel fyrir öllu starfsfólki leikskólanna svo allir séu meðvitaðir um hvað í þeim felst. Umræður voru einnig á þá leið hvort skoða ætti aukin fríðindi fyrir leikskólastarfsfólk, t.d. forgang í leikskóla, afslátt af leikskólagjöldum og afslátt í sund. Vinnuhópurinn er á því að það þurfi að gera stuttar og markvissar kannanir innan leikskólanna, bæði fyrir foreldra og starfsfólk, til viðbótar við þær kannanir sem Skólapúlsinn leggur fyrir.